

Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 10. desember 2014

Tilvísun ÞÍ: 2014121544/0.2.2

**Efni:** Umsögn um 366. mál.

Þjóðskrá Íslands kom að undirbúningi 2. gr. b í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum sem lýtur að tímabundnu ákvæði um fasteignaskatt af atvinnuhúsnæði og sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði.

Með vísan til þess styður Þjóðskrá Íslands að hið tímabundna ákvæði nái fram að ganga. Með árlegu endurmati fasteignamats 31. maí 2014 var aðferðarfræði skrifstofu- og verslunareigna og eigna fyrir léttan iðnað breytt yfir í tekjumatsaðferð þar sem virkur leigumarkaður er fyrir hendi fyrir þessar tegundir eigna og mikillar skekkju gætti í fasteignamati milli eigna sem leiddi til ójafnræðis fasteignaeigenda.

Ákvörðun um endurmat fasteignamats er stjórnsluákvörðun og var hverjum fasteignaeiganda kynnt fjárhæð endurmetins fasteignamats fyrir hverri fasteign sem og öllum sveitarfélögum í júní 2014. Fasteignaeigendum var veittur frestur til 1. nóvember sl. til að gera athugasemdir við niðurstöðu endurmetansins. Endurmetið fasteignamat mun taka gildi 31. desember 2014 skv. 32. gr. a laga, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

Frumvarpið kveður á um að milda breytingu fasteignamats sem álagningarstofns fasteignaskatts á árunum 2016 og 2017 til að koma á mótis við sjónarmið Samtaka atvinnulífsins sem lögðu til frestun um eitt ár á breytingu á aðferðarfræði á fasteignamati skrifstofu- og verslunareigna og eigna fyrir léttan iðnað. Verði ákvæðið um tímabundna breytingu á álagningu fasteignaskatts á þeim eignum ekki að lögum fyrir 31. desember nk. bendir Þjóðskrá Íslands á að það muni leiða til fullrar álagningar fasteignaskatts á þær eignir á árinu 2015.

Virðingarfyllst



Margrét Hauksdóttir  
Forstjóri